



Meðfylgjandi eru upplýsingar um umferðartakmarkanir og staðsetningar á tökum á þáttaröð Fortitude á vegum Pegasus. Því miður hafa undanfarnir dagar verið frekar óljósir og tökudagskrá raskast vegna veðurfarslegra aðstæðna. Neðangreindar dagsetningar og lokanir eru birtar með fyrirvara um að veður og vindar verði okkur hagstæðir fyrir tukur.

19. febrúar. Föstudagur frá kl. 10:00-21:00. Reyðarfjörður.

Tökur hefjast við Valhöll á Reyðarfirði og verða því takmarkanir á umferð við Austurveg og Ægisgötu fram yfir hádegi, lokanir á umferð neðarlega Austurvegi og Melgerði. Bílastæðin við Austurveg 20 verða lokuð. Um hádegi verða tukur við Grunnskóla á Reyðarfjarðar. Af þeim sökum verða bílastæðin við grunn- og leikskólann lokuð. Nemendur við Grunnskóla Reyðarfjarðar munu þurfa að notast við innganginn að ofanverðu, sem snýr upp að leikvelli skólans, eftir klukkan 11:30.

Umferð um Heiðarveg verður lokað frá gatnamótum Heiðarvegar og Austurvegar annarsvegar og Heiðarvegar og Hjallavegar hinsvegar frá klukkan 12:30 og fram eftir degi.

21. febrúar. Sunnudagur. Frá kl. 11:00-22:00. Hólmaháls.

Tökur verða við útivistarsvæðið á Hólmahálsi á Norðfjarðarvegi frá því um hádegi og fram til um kl. 16:00. **Stuttar tímabundnar lokanir á umferð og hraðatakmarkanir verða því viðvarandi á fyrrgreindum tíma, umferð verður hleypt í gegn í hollum.** Við biðjum ökumenn um að sýna sérstaka aðgát í umferðinni milli Reyðarfjarðar og Eskifjarðar á meðan á tökum stendur. Lágmarks tækjabúnaði og bifreiðum á vegum tökuliðs verður lagt meðfram veginum.

Seinnipart sunnudags verða tukur á Eskifirði, í Samkaup. Strandgatan fyrir framan Samkaup verður lokuð. Hjáleið fyrir minni bíla verður í gegnum **Lambeyrarbraut**.

Jafnframt verða tukur inn í Eskifjarðardal.

22. febrúar. Mánudagur. Frá kl. 10:00-21:00. Reyðarfjörður.

Tökur verða í Kvíabrekku, Tungumel og Búðarmel. Umferð verður takmörkuð.

Tökur hefjast seinnipartinn við Valhöll á Reyðarfirði og verða takmarkanir á umferð við Austurveg og Ægisgötu fram eftir kvöldi, lokanir á umferð neðarlega Austurvegi og Melgerði. Bílastæðin við Austurveg 20 verða lokuð.

23. febrúar. Þriðjudagur. Frá kl. 09:00-20:00. Reyðarfjörður.

Tökur verða við Ægisgötu og Búðargötu. Búðargatan verður lokuð sem og Strandgatan við verslunina N1. Umferðartakmarkanir verða í kringum smábátahöfnina.

24. febrúar. Miðvikudagur. Frá kl. 10:30-21.30. Eskifjörður og Reyðarfjörður.

Tökur verða við Hólma á Reyðarfirði í upphafi dags.

Eftir hádegi verða tukur við Norðfjarðarveg við brúna yfir Eskifjarðará. Tímabundnar vegalokanir og hraðatakmarkanir verða á meðan á tökum stendur en reynt verður að hleypa umferð í gegn eftir aðstæðum og umferð.

Um kvöldið verða tukur á Reyðarfirði, við Heiðarveg. Umferðartakmarkanir verða efst á Heiðarvegi og Hæðargerði og einnig í Efstagerði.

25. febrúar. Fimmtudagur frá kl. 09:30-18:30. Reyðarfjörður.

Tökur við Valhöll á Reyðarfirði og verða því takmarkanir á umferð við Austurveg og Ægisgötu, lokanir á umferð neðarlega Austurvegi og Melgerði. Bílastæðin við Austurveg 20 verða lokuð.

Við biðjumst velvirðingar á þessum óþægindum og vonum að þið sýnið okkur skilning og þolinmæði. Einnig langar okkur hjá Pegasus að koma á framfæri innilegum þökkum til íbúa Fjarðabyggðar fyrir frábært viðmót og ómetanlega hjálp við að koma sjónvarpsþáttum Fortitude í framleiðslu.